



Ársskýrsla 2016



Ársskýrsla 2016



Ársskýrsla SÍMEY 2016

Útgefandi:

SÍMEY · www.simey.is
Þórsstíg 4 600 Akureyri

Ábyrgðarmaður:

Valgeir Magnússon

Umsjón:

Fremri Almannatengsl

Hönnun & umbrot:

Ásprent · www.asprent.is

Prentun:

Stell · www.stell.is

Myndir:

Daníel Starrason og
ýmsir starfsmenn SÍMEY

Ávarp stjórnarformanns:

Færni til að takast á við breytingar

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar á nú 17 starfsár að baki og það 18. er hafið. Á þessum árum hefur starfsemi jafnt og þétt vaxið fiskur um hrygg, þótt vissulega hafi orðið áherslubreytingar frá ári til árs í takti við breytingar í þjóðfélaginu.

Ársreikningur SÍMEY fyrir árið 2016 sýnir að námskeiðstekjur eru tæpir tveir þriðju hluta heildartekna miðstöðvarinnar. Þar vega styrkir vegna námsleiða sem boðið er upp á í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins langþyngst. Þeir styrkir hafa farið lækkaði, einkum vegna þess að ásókn í lengri námsleiðir á vegum SÍMEY hefur minnkað á undanförunum árum. Ljóst er að beint samband er á milli stöðu vinnumarkaðar hverju sinni og sókn fólks í lengra nám. Um leið og atvinnuástand batnar dregur úr aðsókn að lengri námsleiðum símenntunarstöðva um land allt.

Úr ársreikningi SÍMEY má einnig lesa að vaxandi hluti teknanna er tilkominn vegna aukins samstarfs við fyrirtæki á starfssvæðinu. Á árinu var ráðist í áttak við að kynna fyrirtækjasvið SÍMEY og það skilaði umtalsverðum árangri.

Þau námskeið og fyrirlestrar sem mest var sóst eftir snúast um samskipti og líðan á vinnustað. Þetta er rökrétt þróun og ein birtingarmynd þeirra miklu breytinga sem íslenskt atvinnulíf hefur gengið í gegnum. Á líðinni öld var býsna algengt að fólk starfaði áratugum saman – og jafnvel allan starfsferilinn – hjá einum og sama vinnuveitandanum. Slíkt fyrirkomulag veitti vissulega öryggi en einsleitnin var að sama skapi mikil.

Á síðari árum er mun algengara að fólk skipti um vinnu nokkrum sinnum á starfsævinni og hverfi jafnvel tímabundið af vinnumarkaði til að auka við sig menntun. Það er einnig algengt að fólki gefist kostur á að þróa sig áfram í starfi innan fyrirtækis og taka smám saman við stærri og meira krefjandi verkefnum þar. Að liðsinna starfsmönnum á „þeirra heimavelli“ við að auka færni sína og treysta samskiptin við samstarfsfólkið hefur farist SÍMEY einkar vel úr hendi. Það segir sína sögu að um 1.700 manns nýttu sér fyrirtækjaþjónustuna á árinu.

Á árinu urðu framkvæmdastjórnarskipti hjá SÍMEY. Erla Björg Guðmundsdóttir hætti eftir margra ára farsælt starf og Valgeir Magnússon, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri hjá SÍMEY, var ráðinn í hennar stað. Um leið og ég þakka Erlu Björgu vel unnin störf og gott samstarf óska ég Valgeiri velfarnaðar í starfi framkvæmdastjóra.

Á ársfundinum SÍMEY árið 2015 var sú stjórn sem nú situr kosin til tveggja ára. Hún lýkur því starfstíma sínum á ársfundinum 2017. Ég þakka stjórnarmönnum fyrir samstarfið undanfarin tvö ár. Jafnframt vil ég, fyrir hönd stjórnarinnar, þakka starfsfólki SÍMEY vel unnin verk.

Að mínum dómi er meginhlutverk SÍMEY tvíþætt: Annars vegar að framfylgja lögum um framhaldsfræðslu fullorðinna af kostgæfni og hins vegar að auka almenna lífsleikni fólks, innan og utan vinnumarkaðar. Sóknarfærni á sviði sí- og endurmenntunar eru enn sem fyrr mörg og þau þurfum við að nýta.



Arna Jakóbína Björnsdóttir.

Akureyri, 3. maí 2017,

Arna Jakóbína Björnsdóttir

1. Starfsemin á árinu

Inngangur

Árið 2016 var sautjándi starfsár Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY) en í ársskýrslunni er gerð grein fyrir starfsemi miðstöðvarinnar á árinu, fræðsluframboði, samstarfsaðilum og öðrum helstu verkefnum.

Skýrslan er í fimm köflum. Hún hefst á kafla sem fjallar um starfsemina á árinu. Gerð er grein fyrir hverjir sitja í stjórn og hverjir starfa hjá miðstöðinni, húsnaði og fjárhag SÍMEY. Á eftir fylgir kafla um helstu samstarfssamninga og verkefni. Í þriðja kaflanum er greint frá tímabundnum verkefnum og þróunarstarfi. Í fjórða kaflanum er fjallað um fræðslustarf ársins í máli og myndum og skýrslan endar svo venju samkvæmt á samantekt.

Dagleg starfsemi

Miðstöðin er sjálfseignarstofnun sem starfar á sviði fullorðinsfræðslu með það að markmiði að efla símenntun í Eyjafirði og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu og bjóða einstaklingum hagnýta þekkingu á öllum skólastigum. Einnig er markmið SÍMEY að veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun og einstaklingum náms- og starfsráðgjöf.

Daglegri starfsemi má í mjög grófum dráttum skipta á eftirfarandi hátt:


- Dagleg umsjón með námskeiðum og þjónusta við námskeið sem eru í gangi.
- Kynningar á starfsemi og símenntunarframboði SÍMEY.
- Miðlun náms og námsleiða annarra fræðsluaðila, m.a. á framhalds- og háskólastigi.
- Skipulagning, hönnun og þróun nýrra námskeiða
- Náms- og starfsráðgjöf.
- Þjónusta við atvinnulíf: Markviss þarfagreiningar, markþjálfun og ráðgjöf til stjórnenda varðandi mannauðsmál og starfsþróun.
- Samskipti og þjónusta við fræðsluaðila.
- Umsjón með fyrirtækjaskólum.
- Raunfærnimat.
- Dagleg umsjón með námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

- Upplýsingamiðlun í gegnum heimasíðu miðstöðvarinnar og samfélagsmiðla á borð við Facebook.
- Innsláttur og úrvinnsla gagna í nemendabókhalda SÍMEY.
- Þróunarverkefni: Hæfnigreiningar og þróun nýrra námskráa.
- Ýmis sérverkefni.

Skipurit og stjórn SÍMEY

Í stjórn SÍMEY eiga sjö fulltrúar sæti. Þeir eru tilnefndir af menntastofnunum, stéttarfélögum, atvinnurekendum, Akureyrarbæ og öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð. Stjórnarmenn SÍMEY sem kosnir voru til tveggja ára á ársfundi 15. maí 2015 eru:

Aðalstjórn	Fyrir hönd
Stjórnarformaður:	
Arna Jakobína Björnsdóttir	Opinberra stéttarfélag
Stjórnarmenn:	
Eyjólfur Guðmundsson	Fræðslustofnana
Hugrún Hjörleifsdóttir	Opinberra fyrirtækja
Anna Júlíusdóttir	Almennra stéttarfélag
Sverrir Gestsson	Almennra fyrirtækja
Hrund Hlöðversdóttir	Sveitarfélagi við Eyjafjörð
Ingunn Helga Bjarnad. til 31.08.2016	Akureyrarbæjar
Hlynur Már Erlingsson frá 01.09.2016	Akureyrarbæjar
Varastjórn	Fyrir hönd
Hjördís Sigursteinsdóttir	Opinberra stéttarfélag
Ingimar Eydal	Opinberra fyrirtækja
Halldór Óli Kjartansson	Almennra stéttarfélag
Anna María Kristinsdóttir	Almennra fyrirtækja
Karl Frímannsson	Sveitarfélagi við Eyjafjörð
Hlynur Már Erlingsson til 31.08.2016	Akureyrarbæjar



Starfsemi SÍMEY skiptist í fjögur svið:

- Afgreiðsla og bókhald: Tekur á móti viðskiptavinum SÍMEY, sér um símsvörun, ber ábyrgð á eldhúsi og þrifum, auk margþættrar þjónustu við starfsfólk og samstarfsaðila. Sér um reikningagerð og bókhald miðstöðvarinnar.
- Hús- og tækniumsjón: Hefur umsjón með rekstri húsnæðis og tæknimálum miðstöðvarinnar.
- Verkefnastjórnun/ráðgjöf: Verkefnastjórar, náms- og starfsráðgjafar miðstöðvarinnar hafa umsjón með skipulagningu lengri og styttri námskeiða fyrir einstaklinga og atvinnulífið í samstarfi við fræðslusjóði, opinbera aðila, fyrirtæki, stofnanir og verkalýðsfélög. Ráðgjafar miðstöðvarinnar vinna að því að veita fólki á öllum aldri ráðgjöf og upplýsingar til að auðvelda ákvarðanatöku vegna náms- og starfsvals. Einnig aðstoða ráðgjafar einstaklinga við að takast á við ýmis verkefni sem tengjast námi og starfsþróun. Ráðgjafar miðstöðvarinnar veita m.a. upplýsingar um nám og störf og aðstoða við að finna námsleiðir og starfsvettvang við hæfi.
- Námsverið á Dalvík: Er útstöð frá SÍMEY, rekin í sameiningu af SÍMEY og Dalvíkurbyggð. Þar starfar verkefnastjóri, náms- og starfsráðgjafi við uppbyggingu námsversins, ráðgjöf og þjálfun, kynningu á náms- og starfsráðgjöf í fyrirtækjum, skipulagningu og umsjón með námskeiðahaldi við utanverðan Eyjafjörð, vinnu með fyrirtækjum að aukinni menntun og fagþekkingu starfsmanna auk þess sem starfsmaðurinn þar kemur að ýmiss konar teymis- og verkefnavinnu með öðrum starfsmönnum SÍMEY.

Starfsmenn SÍMEY

Fyrri hluta ársins voru 11 starfsmenn í u.þ.b. 10 starfgildum hjá SÍMEY en síðari hluta ársins voru þeir 10 í u.þ.b. 10 stöðugildum. Þeir eru/voru:

Anna Lóa Ólafsdóttir, verkefnastjóri, náms- og starfsráðgjafi.

Emil Bjarkar Björnsson, verkefnastjóri, náms- og starfsráðgjafi.

Erla Björg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri (lét af störfum 01.09.2016).

Helgi Þorbjörn Svavarsson, ráðgjafi, verkefna- og gæðastjóri.

Helgi Kristinsson, húsumsjónarmaður.

Hildur Betty Kristjánsdóttir, verkefnastjóri, náms- og starfsráðgjafi (lét af störfum 1.08.2016).



Ingunn Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi (hóf störf 01.11.2016).

Kristín Björk Gunnarsdóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi.

Kristjana Friðriksdóttir, ritari.

Sigrún Björnsdóttir, bókarí.

Sóley Guðmundsdóttir, ritari.

Svanfríður Inga Jónasdóttir, verkefnastjóri við utanverðan Eyjafjörð (hóf störf 15.08.2016).

Valgeir Magnússon, verkefnastjóri, náms- og starfsráðgjafi. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra 01.09.2016.

Til viðbótar við fasta starfsmenn SÍMEY komu um 100 verktakar að starfsemi sem leiðbeinendur/kennarar. Þessi hópur er mjög fjölbreyttur og kemur bæði úr atvinnulífinu og úr skólakerfinu á svæðinu.

SÍMEY hefur innleitt aðferðafræði straumlínustjórnunar (LEAN management) og taka fundir og skipulagning mið af þeirri aðferðafræði.

Sem þekkingarfyrirtæki hvetur SÍMEY til virkrar símenntunar og starfsþróunar og voru starfsmenn virkir í að efla sjálfa sig og víkka sjónvildarhringinn. Meðal



Starfsmenn SÍMEY



Erla Björg
Guðmundsdóttir
Frákvæmdastjóri
til 01.09.



Valgeir Magnússon
Náms- og starfsráð-
gjafi og verkefna-
stjóri til 01.09.
Frákvæmdastjóri
frá 01.09.



H. Betty
Kristjánsdóttir
Náms- og starfsráð-
gjafi og verkefna-
stjóri til 01.08.



Sigrún Björnsdóttir
Bókari



Anna Lóa Ólafsdóttir
Náms- og
starfsráðgjafi og
verkefnastjóri



Sóley
Guðmundsdóttir
Ritari



Helgi P. Svavarsson
Ráðgjafi, verkefna-
og gæðastjóri



Kristjana
Friðriksdóttir
Ritari



Emil Björnsson
Náms- og starfsráð-
gjafi og verkefna-
stjóri á Dalvík



Svanfríður Inga
Jónasdóttir
Verkefnastjóri við
utanverðan Eyjafjörð
frá 15.08.



Kristín B.
Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri og
ráðgjafi



Ingunn Helga
Bjarnadóttir
Verkefnastjóri og
ráðgjafi frá 01.11



Helgi Kristinsson
Húsumsjón

annars tóku starfsmenn þátt í eftirtöldu – en eflaust mætti fleira telja:

- Outlook.
- Office 365.
- Smáskipanámskeið.
- Raunfærnimatsnámskeið fyrir umsjónarmenn.
- ACC Markþjálfunarnám.
- Alvöru bókhaldsnámskeið.
- DK bókhald.
- Skattalagabreytingar og rafrænn persónuafsláttur.
- Sálrænt ofbeldi og áföll, áfangi í HA.
- Doktorsnám í námi fullorðinna.
- Markaðssetning.
- Erlent samstarf og námsferð í náms- og starfsráðgjöf.

Húsnæði og vinnuaðstaða

SÍMEY er í samstarfi við Dalvíkurbyggð og heldur úti starfsemi í Námsverinu á Dalvík þar sem eru tvær kennslustofur og skrifstofa verkefnastjóra.

Á Akureyri fer starfsemi SÍMEY eftir sem áður fram að Þórsstíg 4 þar sem eru níu skrifstofur, átta kennslu-

stofur, afgreiðsla, fullbúið eldhús og kaffitorg þar sem nemendur geta sest niður og lært eða haft það huggulegt.

Fjárhagur

Heildarrekstrartekjur SÍMEY á árinu voru 217,3 milljónir króna. Þar af voru tekjur vegna rekstrarsamninga 34,7 milljónir, 137,5 milljónir voru námskeiðstekjur, 37,2 milljónir voru tekjur vegna verkefna og 7,9 milljónir aðrar tekjur.

Rekstrargjöld voru 216,4 milljónir króna, fjármagnstekjur 3,1 milljón og er jákvæð rekstrarniðurstaða ársins um 3,9 milljónir króna.



2. Helstu samstarfs- samningar og verkefni

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

SÍMEY er einn af samstarfsaðilum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og hefur það samstarf verið mikið á síðustu árum. FA er í eigu Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Samtaka atvinnulífsins (SA), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir fé til reksturs FA og til Fræðslusjóðs, sem ráðstafar fé til viðurkenndra fræðsluaðila til að mæta kostnaði við námskeiðahald (vottaðar námsleiðir), náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.



Hlutverk FA er að vera samstarfsvettvangur ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakanna. Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Starfsemin byggir á samþykktum félagsins og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið. FA hefur gert samning við SÍMEY ár hvert og gengur samningurinn út á að bjóða upp á vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, þróunarverkefni o.fl.

Meginmarkmiðið með verkefnum þessum er að veita fólki á vinnumarkaði og atvinnuleitendum með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess

að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Gæðavottun



SÍMEY hefur hlotið evrópsku gæðavottunina EQM. EQM stendur fyrir *European Quality Mark* eða *Evrópska gæðamerkið* og er gagnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila til að meta starfshætti sína út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum.

EQM tekur mið af gæðum þjónustunnar sem fræðsluaðili veitir, innri gæðastjórnun og verklagsreglum fræðsluaðila og hvernig núverandi starfshættir samræmast viðurkenndum gæðaviðmiðum.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er með samning um EQM-úttektir og fer slík úttekt fram árlega.

Náms- og starfsráðgjöf

Hjá SÍMEY eru starfandi fimm ráðgjafar sem sinna fjölbreyttum verkefnum sem fyrr. Auk þess að veita nemendum ráðgjöf stóð einstaklingum á vinnumarkaði, einstaklingum í atvinnuleit og þeim sem nýta sér raunfærnimat þjónustan til boða. Ráðgjafar SÍMEY vinna þvert á starfseminum og ekkert er þeim óviðkomandi. Þeir eru hluti af bæði stórum og smáum verkefnum og gegna þar ýmsum hlutverkum.

Samstarfsaðilar SÍMEY eru mikið til þeir sömu ár eftir ár. Fyrst ber þar að nefna Vinnuálastofnun (VMST) en þar hefur samstarfið verið ágætt varðandi ráðgjöf, úrræði og annað sem stofnunin er að leita eftir hverju sinni. Á síðasta ári var boðið upp á nokkrar starfsleit-
arstofur sem mældust vel fyrir og ráðgert er að halda því.

Aðrir samstarfsaðilar eru fyrirtækin, Akureyrabær og þá helst grunnskólarnir (skólastjórnendur), kennarar og verkefnastjórar lengri námsleiða, VIRK starfsendurhæfing, VMA og stéttarfélagin.

Fyrirtækin á svæðinu eru mjög mikilvægir samstarfsaðilar og hefur aukist að þau nýti sér náms- og starfsráðgjöf á vinnustað. Þetta er bæði í formi viðtala inni á vinnustaðnum og í húsnæði SÍMEY. Um leið og ráðgjafar ná til yfirmanna og „selja“ þeim hugmyndina að baki ráðgjöfinni þar sem áhersla er lögð á að ánægður starfsmaður sé besti starfsmaðurinn (þarf bara að finna út hvað liggur að baki óánægju og óöryggi sé það til staðar) þá er leiðin oft greið inn í fyrirtækin.

Ráðgjafar SÍMEY eru opnir fyrir nýjungum og eitt af því sem þeir skoða núna er öflugri ráðgjöf á netinu. Hér er þá aðallega verið að vísa til fjarráðgjafar sem væri í gegnum Skype, Klöru (Trappa er að þróa búnað) eða önnur forrit. Reynsla er til staðar af raunfærnimati í gegnum fjarfund og hefur það gengið vel og því mikilvægt að nýta þessa tækni fleirum til handa.



Ráðgjöfin hjá SÍMEY er mikilvægur hluti af starfsemi og gengur þvert á hana. Náms- og starfsráðgjafi er oft fyrsti snertiflötur við notendur þjónustunnar og atvinnurekendur sem miðla áfram til starfsfólks. Því er mikilvægt að geta mætt þörfinni fyrir þessa þjónustu og halda áfram að kynna náms- og starfsráðgjöf, hvenær sem færi gefst.

Ráðgjafaferð til Finnlands

Kristín Björk Gunnarsdóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi hjá SÍMEY, fór til Finnlands í september ásamt náms- og starfsráðgjöfum innan Kvasis. Farið var til Oulu í Finnlandi þar sem ráðgjafar kynntu sér aðferðir við að styðja annars vegar við atvinnuleitendur og hins vegar



við stjórnendur og millistjórnendur til að veita undirmönnum sínum ráðgjöf.

Hópurinn frá Íslandi var hvattur til að hugsa út fyrir kassann og vera ekki of fastur í gömlum aðferðum. Á tímum breytinga og hraða er þetta eitthvað sem við þurfum öll að hafa að leiðarljósi og, hvort sem okkur líkar betur eða verr, nýtur allt vinsælda sem þarfnast lítils tíma og fyrirhafnar. Sem sagt skapandi ráðgjöf á stuttum tíma!

Raunfærnimat

Á árinu var ráðist í stórt raunfærnimatsverkefni í fisktækni sem að mestu fór fram á Dalvík í samstarfi við Samherja og Fisktækniskóla Íslands. Um 30 þátttakendur fóru í gegnum raunfærnimat í því verkefni og luku um 1.400 einingum.

Í fyrsta sinn hjá SÍMEY fóru um 10 manna hópur í raunfærnimat á félagsliðabraut og lauk hópurinn samanlagt um 300 einingum.

Í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur fór 14 manna hópur í raunfærnimat í blönduðum greinum og lauk samanlagt um 1.000 einingum, m.a. í matartækni, vélstjórn, rennismiði o.fl. greinum. Nokkrir fóru í raunfærnimat í skipstjórn.



Samstarf við atvinnulífið

SÍMEY hefur í gegnum árin verið í góðu samstarfi við atvinnulífið í Eyjafirði. Þarfagreiningar innan fyrirtækja og stofnana undir merkjum MARKVISS hugmyndafræðinnar hafa nýst vel til að aðstoða við gerð fræðsluáætlana og uppbyggingu starfsþróunar starfsmanna. Þær hafa gefið mikilvæga tengingu við atvinnulífið, sem leitt hefur til frekara samstarfs eins og uppbyggingu fyrirtækjaskóla.



Afar gott samstarf hefur verið við fræðslusjóðina sem hafa styrkt þarfagreiningar undir merkjum *Fræðslustjóra að láni* sem og fræðsluáætlanir innan fyrirtækja og stofnana.

Á árinu lauk SÍMEY við þarfagreiningu innan Dalbæjar (öldrunarstofnunar Dalvíkurbyggðar). Á árinu hófst einnig vinna við tvö stór þarfagreiningarverkefni; annars vegar hjá Slippnum og hins vegar hjá Grunnskólum Akureyrar.

SÍMEY er m.a. í samstarfi við Grunnskóla Akureyrar, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) og Búsetudeild Akureyrarbæjar um fyrirtækjaskóla fyrir starfsmenn.

Um 80 námskeið voru haldin á árinu undir merkjum fyrirtækjaskóla eða í beinu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Gera má ráð fyrir að þátttakendur hafi verið um 1.700.

Áttin

Á vordögum gerði SÍMEY samning við verkefnastjórn *Áttarinnar* um að kynna *Áttina* innan markhóps endurmenntunarsjóðanna. *Áttin* er ný vefgátt sem greiðir leið fyrirtækja að sjóðum og fræðslustofnunum. Sjóðirnir sem standa að *Áttinni* eru IDAN fræðslusetur,

Landsmennt, Menntasjóður Verkstjórasambandsins og SA, Rafiðnaðarskólinn, Starfsafl, Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóður verslunarinnar. Ætla má að sjóðirnir nái til um 110-120 þúsund starfsmanna á almenna vinnumarkaðnum eða um 75-80% starfsmanna á þeim vinnumarkaði.

Í tengslum við þennan samning hafa starfsmenn SÍMEY heimsótt um 60 fyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu, þar sem þessi nýja vefgátt er kynnt og sú þjónusta sem fyrirtækjum stendur til boða. Þetta samstarf hefur verið afar farsælt og skapað ný tengsl við atvinnulíf á svæðinu.

Fyrirtækjasvið

SÍMEY vann sérstakan fyrirtækjabækling á árinu. Hann er hugsaður sem kynning á þeim þætti starfseminnar sem snýr sérstaklega að fyrirtækjum. Starfsfólk SÍMEY hefur mætt með bæklinginn í fyrirtækin og kynnt náms- og starfsráðgjöfina sem og *Áttina*.

Tilgangur með bæklingnum er að vekja athygli á fjölbreytileika í þjónustuframboði SÍMEY. Hjá SÍMEY starfa einstaklingar með fjölbreytta menntun og reynslu sem eru samstíga í að mæta þörfum viðskiptavina hverju sinni og í bæklingnum eru nefnd dæmi um það sem er í boði. Viðskiptavinir eru líka hvattir til að vera í sambandi þar sem starfsfólk SÍMEY er umhugað um að aðstoða við að finna lausnir sem henta.

Jákvæð viðbrögð við bæklingnum eru til merkis um að fyrirtækjasvið SÍMEY er í stöðugri sókn og nóg af verkefnum úti í atvinnulífinu sem þarf að sinna.



Fyrirtækjasvið



Námskeið og fyrirlestrar í atvinnulífinu

SÍMEY er alltaf í góðu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir úti í samfélaginu og hefur boðið þar bæði upp á námskeið og fyrirlestra. Þau námskeið/fyrirlestrar sem sóst var einna mest eftir á árinu höfðu með samskipti og líðan á vinnustað að gera. Í flestum tilvikum var um að ræða þriggja tíma námskeið sem tekur á samskiptum á vinnustöðum, ábyrgð einstaklinga þegar kemur að þeim og hvernig má auka líkur á góðum samskiptum. Þá tala margir stjórnendur um streitu hjá starfsfólki sem hefur áhrif á vinnustaðina og því var leitað eftir fyrirlestrum varðandi viðbrögð og forvarnir er kemur að streitu og álagi á vinnustöðum.



Fyrirlestur um hamingjuna fór víða enda alltaf hægt að bæta sig þar. Fyrirtæki sem hafa farið í gegnum breytingar leita gjarnan til okkar og á því var engin undantekning á árinu. Boðið var upp á fyrirlestur sem hvetur stjórnendur og starfsmenn til að vera virkir þátttakendur í breytingaferlinu og vera þannig hluti af því sem er í gangi.

Hópefli innan fyrirtækja og stofnana er alltaf vinsælt og á því varð engin breyting þetta árið.

Nám í markþjálfun

Á árinu útskrifuðust tveir hópar úr námi í markþjálfun í SÍMEY, annar á vorönn og hinn að haustinu. Leiðbeinandi í náminu var sem fyrr Matilda Gregersdotter, MCC-vottaður markþjálfari hjá *International Coach Federation (ICF)*, og hefur hún hannað ACSTH (*Approved Coach Specific Training Hours*) vottað prógramm hjá ICF.

Matilda setti árið 2004 á stofn fyrirtækið *Leiðtoga* sem fjórum árum síðar breyttist í *Evolvia ehf.* og það hefur í dag á sínum snærum markþjálfanám hér á landi. Frá sama tíma hefur *Evolvia* haft ACSTH-vottun frá ICF,



sem þýðir að ACC-markþjálfanám og framhaldsnám í markþjálfun hjá *Evolvia* er viðurkennt og uppfyllir öll skilyrði og kröfur ICF. Námið í SÍMEY er grunnnám í markþjálfun, svokallað ACC-markþjálfanám og sem fyrr segir luku tveir hópar námi eða alls 14 einstaklingar.

Það er vissulega gaman að geta boðið upp á nám sem þetta í SÍMEY og dylst engum þvilík lyftistöng það er að stækka markhóp sámenntunarmiðstöðvarinnar.

Íslenska sem annað mál

SÍMEY heldur utan um og skipuleggur íslensku sem annað mál fyrir erlenda ríkisborgara á *Eyjafjarðarsvæðinu*. Haldin voru 18 námskeið á Akureyri, Dalvík og í Fjallabyggð á árinu; 9 á vorönn og 9 á haustönn. Á vorönn sóttu 97 nemendur íslenskunám í gegnum hefðbundin íslenskunámskeið sem og námsleiðir FA en þeir voru 90 að haustinu.

Námskeiðin voru langflest 60 kennslustunda löng en sá tímafjöldi jafngildir áfangaviðmiðum í námskrá í íslensku fyrir útlendinga. Boðið var upp á námskeið á fjórum ólíkum getustigum báðar annirnar. Að þessu



sinni var námskeið fyrir Tælendinga með tælenskum kennara á Akureyri og annað á Dalvík sem íslenskur og tælenskur kennari kenndu saman. Aftur var boðið upp á sérstakt námskeið fyrir mæður ungra barna í samstarfi við Zontaklúbb Akureyrar, þar sem mæðurnar geta haft börnin með sér í tímum. Það námskeið naut sem fyrir mikilla vinsælda.

Landnemaskólinn var bæði í Fjallabyggð og á Akureyri en það er námsleið sem ætluð er til enn frekari kynningar á því samfélagi við lífum í, auk íslenskukennslu.

Fjölmennt

Samstarf við Atvinnu með stuðningi

Á vordögum var gengið til samstarfs við Atvinnu með stuðningi (AMS) hjá Vinnumálastofnun hér á Akureyri. Gerð var tilraun með að bjóða upp á námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem ber heitið *Þjónustuliði*. Um er að ræða 60 kennslustunda langt nám á fyrsta hæfniprepi sem er ætlað fólki á vinnumarkaði sem hefur litla formlega menntun. Námið er aðallega ætlað þeim einstaklingum sem starfa við matvælagreinar og ræstingar og þrif.



Við skipulag námsins var hugað sérstaklega að mismunandi skerðingum innan hópsins án þess þó að skerða inntak námsins á nokkurn hátt. Námið var meira í gegnum samræður og verklegar æfingar en lestur og fyrirlestra. Námið gekk mjög vel og var greinilegt að sumir nemendanna tóku miklum félagslegum framförum á meðan á því stóð. Námið tók tíu vikur og mættu nemendur tvisvar í viku. Samtals voru kennslustundirnar 60. Ekki var annað að heyra á nemendum við útskriftina en að námið hafi verið þeim gagnlegt og um leið skemmtilegt. Átta einstaklingar luku námskeiðinu.

Sú jákvæða reynsla sem fékkst af því að bjóða upp á nám í *Þjónustuliðanum* leiddi til þess að ákveðið var



að halda áfram að bjóða skjólstæðingum AMS upp á annað nám á fyrsta hæfniprepi.

Á haustdögum var boðið upp á 150 kennslustunda langa námsleið sem ber heitið *Sterkari starfsmaður*. Námsleiðin er ætluð fólki á vinnumarkaði sem hefur litla formlega menntun. Námið er ætlað þeim einstaklingum sem starfa við ýmis störf en námið felst fyrst og fremst í kennslu í upplýsingatækni, sjálfstyrkingu og samskiptum og samstarfi á vinnustað. Námið hófst í nóvember og lýkur 31. mars 2017.

Samstarf við Grófina

Fjölmennt á Akureyri átti einnig í góðu sambandi við Grófina, geðverndarmiðstöð, á vordögum. Samstarfið fólst í aðstoð við að halda tvö námskeið: Annars vegar var um að ræða framsögunámskeið í umsjón Braga V. Bergmann og hins vegar leshring með Arnari Arngrímssyni rithöfundu. Sá háttur var hafður á að Fjölmennt greiddi tvo þriðju kostnaðar við leiðbeinendur á móti Grófinni. Þessi námskeið tókust vel og líkur á að þeim verði framhaldið í einhverri mynd.

Leikskólaliða- og Stuðningsfulltrúabrá – fjarnám

SÍMEY hefur um nokkurra ára bil boðið upp á nám í *Leikskólaliða- og Stuðningsfulltrúabrá* í staðnámi í Eyjafirði. Haustið 2015 var gengið til samstarfs við Farskólann, miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra og Fræðslumiðstöð Vestfjarða um að bjóða upp á námið í fjarnámi. Í tengslum við námið var boðið upp á raunfærnimat fyrir þá sem starfa sem skólaliðar og/eða stuðningsfulltrúar í leik- og grunnskólum. Þrjátíu og níu einstaklingar hófu námið sem stendur yfir í fjórar annir. Að því loknu, vorið 2017, útskrifast nemendur með starfsheitin stuðningsfulltrúi og/eða leikskólaliði.

Nýjung námsins felst í breyttum kennsluháttum. Kennslan fer þannig fram að kennari kennir í gegnum fjarfundabúnað, ýmist frá Akureyri eða Sauðárkróki. Nemendur eru hins vegar annað hvort staddir í starfsstöðvum símenntunarmiðstöðvanna eða í heimahúsi. Forritið *Skype for business* er notað til fjarkennslunnar en það býður upp á ýmsa möguleika sem auðvelda fyrirlestrarformið á netinu. Kennarar geta t.d. látið nemendur sem taka á móti útsendingu, ýmist heima fyrir eða í starfsstöðvum símenntunarmiðstöðvanna, taka yfir útsendingu og flytja verkefni sín fyrir allan hópinn í gegnum netið. Þannig geta nemendur flutt fyrirlestra og skilað verkefnum með sama hætti og ef um staðnám væri að ræða.

Starfsemin við utanverðan Eyjafjörð

SÍMEY starfrækir námsver á Dalvík í samstarfi við Dalvíkurbyggð. Námsverið er til húsa í Tónlistarskólanum við Skíðabraut 12 og hefur þar yfir að ráða skrifstofu og tveimur kennslustofum. Auk þess er gott samstarf við Dalvíkurskóla þegar þörf er á auknu húsnæði. Einnig fer íslenskukennsla fram á kaffistofu Samherja á Dalvík þegar sá kostur er valinn að fólk geti komið á námskeið beint úr vinnu.

Viðvera í Fjallabyggð tengist verkefnum hverju sinni sem og kynningu og markaðssetningu á fræðsluverkefnum og einnig vinnu með stofnunum við að skipuleggja fræðslu- og úrbótaverkefni.

Á Siglufirði er leitað á náðir Einingar-Iðju varðandi kennsluástöðu og í Ólafsfirði nýtur SÍMEY gestrisni Menntaskólans á Tröllaskaga.

Landnemaskólinn

Haustið 2015 hófst verkefnið Landnemaskólinn, námsleið fyrir fólk af erlendum uppruna. Helstu námsþættir



eru íslenska, upplýsingatækni, samskipti og sjálfsefning og áttthagafræði. Markmið með áttthagafræði er að aðstoða þátttakendur að aðlagast sem mest og best því samfélagi sem það býr í, en einnig að samfélagið kynnist viðhorfum og menningu nýbúa. Umsýslu með Landnemaskólanum hafði Guðný Sigríður Ólafsdóttir.

Tíu þátttakendur frá fimm þjóðlöndum voru í Landnemaskólanum og lauk honum á vorönn 2016. Landnemaskólinn heppnaðist mjög vel og að mati þeirra sem að honum stóðu er hann frábær leið til að aðstoða fólk af erlendum uppruna við samfélagsaðlögun.

Ævintýri í Fjallabyggð

Á vorönn var endurtekið frá árinu áður sjálfstyrkingarverkefni fyrir konur í Fjallabyggð, sem bar heitið Ævintýri í Fjallabyggð. Það var ráðgjafastofan Rökstólar á Ólafsfirði sem leiddi verkefnið sem var þróunar- og rannsóknarverkefni í sjálfstýrðu námi (e. *self directed learning*). SÍMEY tók þátt í verkefninu ásamt Vinnu- málastofnun og Virk endurhæfingarsjóði. Verkefninu var ætlað að styrkja og efla konur sem búsettar eru í Fjallabyggð og eru ýmist á atvinnuleysissskrá, á framfæri félagsþjónustunnar eða utan kerfis. Markmiðið var að gera konunum kleift að finna áhugasvið sitt og setja sér markmið sem myndu leiða þær nær vinnumarkaðinum á ný.

Þáttur SÍMEY í verkefninu var að bjóða upp á ráðgjöf og markþjálfun fyrir þátttakendur. Námið fólst í öflugum sjálfstyrkingarþrógrammi ásamt listsköpun og útivist. Verkefnastjóri var Lenka Uhrova frá Rökstólum.

Markviss á Dalbæ

Dalbær, heimili aldraðra á Dalvík, fékk styrk frá Kili til að vinna fræðsluáætlun fyrir starfsfólk. Markviss ráðgjafar SÍMEY Emil og Valgeir unnu með stýrihópi starfsfólks Dalbæjar fræðslu- og úrbótaáætlun sem tók gildi um haustið með ýmsum áhugaverðum fræðsluverkefnum.

Raunfærnimat í fisktækni

Á vormánuðum gerðust undur og stórmerki sem lengi verða í minnum höfð þeim sem urðu vitni að. Boðað var til kynningarfundar í Samherja hf. um raunfærnimat í fisktækni. Á fundinn mættu liðlega þrjátíu manns, starfsfólk fyrirtækisins. Eftir stutta og snarpa kynningu var varpað fram spurningunni: „Vilja einhverjir skrá sig í raunfærnimat?“ Allar hendur fóru á loft – fullt hús í



fyrstu atrennu – en kvótinn fyrir raunfærnimat í fisktækni var fyrir þrjátíu þátttakendur!

Matsferlið var unnið rösklega og lauk með útskrift 18. ágúst. Auk almennrar þátttöku í raunfærnimatinu er vert að geta þess að þátttakendur luku 1.400 einingum. Samstarfsaðilar SÍMEY í matsferlinu voru Fisktækniskóli Íslands og Samherji.

Fisktækninám á Dalvík

Í framhaldi af raunfærnimati í fisktækni, sem greint er frá hér að framan, var ákveðið að bjóða upp á nám í fisktækni sem yrði í samstarfi SÍMEY, sem býði upp á námsgreinar Grunnmenntaskólans; Menntaskólans á Tröllaskaga sem héldi utan um námið, innritaði og útskrifaði nemendur og býði upp á faggreinar námsins; og Fisktækniskóla Íslands, en þaðan kemur upphafleg námskrá og ýmis sérfræðiþekking. Þá er samstarf við fyrirtæki nemendanna, Samherja hf., mjög mikilvægt.

Af 31 starfsmanni sem fór í raunfærnimat skráðu sig um 20 í fisktækninámið og stunda það af kappi. Þar af eru 8 nemendur af erlendum uppruna og 6 sem þurfa sérhæft íslenskunám.

Námið, sem er 120 einingar, verður kennt á fjórum önnum. Haustönnin 2016 hófst 6. september með námskeiði í námstækni og hópefli. Á önninni voru þrjár aðrar greinar kenndar: Upplýsingatækni, íslenska fyrir fólk af erlendum uppruna og HACCAP-gæðakerfi. Nemendur eru mismargir í þessum greinum, enda hafa sumir fengið fyrra nám, námskeið og/eða reynslu metna í raunfærnimatinu. Námið fer fram í námsveri SÍMEY á Dalvík sem er lykill að því að allt þetta fólk geti stundað námið með vinnu.

Svanfríður Jónasdóttir var ráðin sem verkefnisstjóri þessa náms.

Sæplast

SÍMEY vann að innleiðingu hæfnimatskerfis innan Sæplasts í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Í verkefninu var raunfærnimatið á Íslandi og hugmyndafræði þess aðlöguð að því matskerfi sem Sæplast hefur verið að innleiða. Um er að ræða 5 hæfnistig innan vinnustaðarins þar sem starfsmenn geta fengið mat í. Þetta hæfnimatskerfi er upphaflega tilkomið vegna ákvæða kjarasamninga starfsmanna Einingar Iðju, þar sem staðfesting á hæfni og þekkingu er tengd launahækkunum. Verkefninu lauk í desember.

3. Tímabundin verkefni og þróunarstarf

Betri byggðir

Á árinu veitti Uppbyggingarsjóður Norðurlands SÍMEY og Þekkingarneti Þingeyinga styrk til byggðakönnunar á tveimur svæðum, annars vegar á ströndinni við vestanverðan Eyjafjörð, þ.e. á Árskógsströnd og hins vegar á Galmaströnd (fyrrum Arnarneshreppur). Könnunina unnu ráðgjafar SÍMEY, Emil Björnsson og Ingunn Helga Bjarnadóttir

Dreifðar byggðir er samvinnuverkefni SÍMEY og Þekkingarnets Þingeyinga og SÍMEY. Markmiðið er að greina tækifæri til að efla nýsköpun og atvinnuþróun í dreifbýli á framangreindum svæðum. Þar er sérstaklega horft til þess að greina auðlindir sem nýta má betur og hvernig nota megja þær til að auka fjölbreytni atvinnulífs og fjölga störfum.

Í fyrri hluta verkefnisins, sem lauk fyrir áramót, voru tekin viðtöl við íbúa með það að markmiði að að fá sýn heimamanna sem til þekkingar og álit þeirra á þeim tækifærum sem svæðið býður upp á. Fyrir dreifðar byggðir og svæði sem hafa mátt þola fólksfækkun er afar mikilvægt að virkja heimamenn til atvinnusköpunar og að þau verkefni sem unnin eru henti aðstæðum á hverjum stað. Þess vegna þarf að eiga sér stað samtal við heimamenn með það að markmiði að finna efnivið til að vinna með áfram til styrkingar svæðanna. Þetta verkefni snýst um þetta samtal og greiningu þess.

Seinni hluti verkefnisins, sem unninn verður á árinu 2017, byggir á þeim niðurstöðum sem koma úr þessari viðtalsrannsókn og greiningarvinnu. Sótt verður sér-

staklega um fjármagn til þess hluta. Þar verða gögnin úr fyrri hlutanum notuð til að ýta undir nýtingu auðlinda og mannauðs á svæðinu, m.a. með ráðgjöf, námskeiðshaldi og vinnusmiðjum. Þannig geta þessar símenntunarmiðstöðvar notað gögnin til að sinna svæðinu betur og mæta þörfum íbúa á þann hátt að það stuðli að styrkara atvinnulífi.

Flóttafólk frá Sýrlandi

Í janúar komu til Akureyrar fjórar sýrlenskar fjölskyldur sem fengið höfðu stöðu svonefndra kvótaflóttamanna hér á Íslandi. Þar áður hafði fólk þetta dvalið um nokkurra ára skeið í Líbanon.

Í byrjun fór öll kennsla fram í einum grunnskóla bæjarins þar sem börn og fullorðnir voru saman. Við inn-töku barnanna í grunnskóla fluttist kennsla fullorðinna og unglinga á framhaldsskólastigi í húsnæði SÍMEY. Um haustið fóru svo unglingarnir í framhaldsskóla.



Hlutverk SÍMEY í aðlögun hópsins að íslensku samfélagi var að kenna íslensku og samfélagsfræði. Hvað íslenskukennsluna varðar var ákveðið að nálgast hópinn með það að markmiði að hafa námið sem hagnýttast með áherslu á talað mál. Í samfélagsfræðslunni var lagt upp með að svara þeirra eigin vangaveltum um lífið og tilveruna í nýju landi og reynt að rannsaka með hópnum ástæður þess að hlutir væru gerðir öðruvísi í mismunandi löndum. Útgangspunkturinn var að kynna einstaklingunum sem slíkum en ekki endilega sem Sýrlendingum, múslimum, Íslendingum o.s.frv.

Verkefnið er styrkt af íslenska ríkinu, unnið í samstarfi við Akureyrarbæ og Rauða Kross Íslands.

Bleikur október

Í október var Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis afhent 95 þúsund króna peningagjöf, sem var af-rakstur námskeiðs sem Kristín Steindórsdóttir, næringarþerapisti og jógakennari, hélt í samvinnu við SÍMEY.



Í sameiningu héldu Kristín og SÍMEY námskeið þar sem auglýst var að allur ágóði rynni til Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis og gaf Nettó allt hráefni á námskeiðið og lagði um leið góðu málefni lið.

4. Fræðslustarfið í máli og myndum

Námskeið á árinu

Álíka mörg námskeið voru haldin á árinu og árið áður (árið 2015 innan sviga). Samtals voru haldin 200 (209) námskeið í fimm flokkum á Akureyri og í Eyjafirði og kenndar nemendastundir voru samtals 89.835 (96.776) stundir.

- Námsleiðir FA, sem eins og nafnið gefur til kynna, eru allar vottaðar námskrár frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Fjölmenn, sem eru námskeið á vegum fullorðinsfræðslu fatlaðra.
- Starfstengd námskeið og persónuhæfni er flokkur sem telur námskeið sem annars vegar er ætlað að efla einstaklinga faglega í starfi, ekki síst í tengslum við fyrirtækjaskóla, og námskeið í samstarfi

við vinnustaði og hins vegar námskeið sem beinast að því að styrkja og efla einstaklinginn í persónufærni. Einnig námskeið fyrir stjórnendur.

- Íslenska fyrir útlendinga.
- Tómstundir.

Fjöldi þátttakenda

Um 3.500 einstaklingar sóttu námskeið á vegum SÍMEY á árinu eða nýttu sér aðra þjónustu í tengslum við náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og annað.

Sem fyrr er talsverður kynjahalli á hópi viðskiptavina SÍMEY. Konur eru 70% þátttakenda og karlar 30%. Þetta er álíka hlutfall og árið áður en stöðugt er þó leitast við að rýna námsframboðið með kynjagleraugum og fjölga viðskiptavinum í hópi karla. Merkja má ákveðna aukningu hvað varðar karlmenn í tengslum við raunfærnimat, t.d. í iðngreinum og fisktækni.

Hvað varðar hlutfall kynjanna í nemendastundum þá er aukning hjá karlmonnum. Ákveðnar námsleiðir hafa höfðað vel til karlanna og einnig eru þeir fleiri en konur hvað varðar íslensku fyrir útlendinga og innan Fjölmennar.

Aldursskipting þátttakenda

Skipting í aldri er mjög jöfn og dreifist á aldursbilið 20-79 ára. Afar fáir þátttakendur eru undir 20 ára aldri enda er sá aldurshópur ekki markhópur framhaldsfræðslunnar. Það er líka ánægjulegt að sjá talsvert mikla fjölgun á milli ára í aldursflokknum 60-69 ára. Í framtíðinni má reikna með flögun í þeim aldurshópi með hækkandi aldri og auknum skilningi á ævimenntun.

Fjöldi nemendastunda

Kenndar nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs. Sá mælikvarði fæst með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra kennslustunda á sama námskeiði.

Nemendastundum á árinu fækkaði úr 96.776 í 89.835. Skýringin á þessari fækkun er ekki síst minni nemendahópar innan vottuðu námsleiða FA. Í verklegu námi, t.d. Opnar smiðjur, eru ákveðnar takmarkanir hvað varðar stærð hópa. Einnig hefur námsleiðin Help startenskunám fyrir lesblinda notið mikillar velgengni. Þar er kennt í hópum sem telja 4-6 þátttakendur. Einnig hefur fengist minna fjármagn úr fræðslusjóði sl. misseri í vottaðar námsleiðir.

Flokkun þátttakenda eftir kyni

Eins og þegar hefur komið fram eru konur í meirihluta þeirra sem sækja sér sí- og endurmenntun. Kynjaskipting í hverjum námskeiðsflokki um sig er aðeins mismunandi en í öllum tilfellum hafa konurnar þó vinn-inginn, nema í Fjölmennt. Þar eru karlarnir heldur fleiri, hvort heldur litið er til fjölda nemenda eða nemendastunda.

Fyrirmynd í námi fullorðinna



Akureyringurinn Vesteinn Aðalgeirsson var annar tveggja sem fékk viðurkenningu sem fyrirmynd í námi fullorðinna á ársfundi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins þann 30. nóvember. Hann er 51 árs gamall og hefur undanfarna þrjá áratugi verið til sjós. Vesteinn segist lengi hafa haft augun opin fyrir því að ná sér í aukna þekkingu. Hann hafi vitað lengi af endurmenntunarsjóði sjómanna en síðan hafi hreyfing komist á málín þegar Sjómennt hafi í upphafi árs 2015 gert samning við símenntunarstöðvar um allt land. Hann hafi hlýtt á kynningu á þessum samningi hjá SÍMEY og hún hafi vakið áhuga sinn á að taka nú það skref sem hann hafi lengi verið með í huga.

Til að byrja með fór hann í Sjósóknarverkefnið svokallaða og fór þar í gegnum raunfærnimat í fiskvinnslu og -veiðum. Hann hafði í huga að auka færni sína í ensku, enda lengi verið grúskari í tölvum, ekki síst í excel, en fann að hann þyrfti á því að halda að auka færni sína í enskunn. Því innritaði hann sig í ensku 103 í fjarnámi hjá Menntastöðum. Og þegar þarna var komið sögu ákvað Vesteinn vorið 2015 að innrita sig í námið Mareltækni, sem Fisktækniskólinn og Marel standa í sameiningu að. Hann lauk því námi í desember sem útskrifaður Marel vinnslutækni.

5. Samantekt

Á árinu var Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar á sínu 17. starfsári og starfsemin að miklu leyti með svipuðu sniði og undanfarin misseri.

Á árinu urðu breytingar á starfsmannahópnum. Erla Björg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri sl. 8 ár og samanlagt 14 ár í starfi hjá miðstöðinni, lét af störfum 1. september og var Valgeir Magnússon ráðinn í hennar starf. Hildur Betty Kristjánsdóttir, verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi, lét af störfum í ágúst eftir 8 ára starf. Í ágúst var Svanfríður Inga Jónasdóttir ráðin í starf verkefnastjóra við utanverðan Eyjafjörð. Ingunn Helga Bjarnadóttir hóf störf 1. nóvember sem verkefnastjóri og ráðgjafi. Einnig urðu breytingar í stjórn. Ingunn Helga Bjarnadóttir sagði sig úr stjórn í lok ágúst og tók Hlynur Már Erlingsson við sem aðalmaður.


Alls voru haldin 200 námskeið á árinu og þau sóttu um 2.700 manns. Fækkun er á nemendastundum á milli ára, 89.900 á móti 96.776 árið áður. Rekja má það að hluta til aukins framboðs á verklegu námi sem innifelur hámark nemendahópa, t.d. Opnar smiðjur sem og sérhæft tungumálanám sem kennt er í litlum hópum (Help Start). Jafnframt hefur minna fjármagn fengist í




vottað nám undanfarin misseri. Einstaklingar sem luku raunfærnimati á árinu voru 49; í fisktækni, iðngreinum, skipstjórn og félagsliðabru. Einnig luku 22 einstaklingar raunfærnimati í almennri starfshæfni í samstarfi við Vinnumálastofnun. Þátttakendur í raunfærnimati voru því 71 talsins. Þeir einstaklingar sem nýttu sérþjónustu miðstöðvarinnar í námi, raunfærnimati og ráðgjöf voru því alls um 3.500 á árinu.

Þátttaka starfsmanna Samherja á Dalvík í fisktækni


Fjöldi þátttakenda eftir námskeiðsflokkum




Aldursdreifing nemenda 2016



Meðal nemendastundafjöldi pr. einstakling eftir kyni



Nemendastundafj. eftir námsk.flokkum og kyni



leiddi til þess að nám í fisktækni í samstarfi við Menntaskólann á Tröllaskaga og Fisktækniskóla Íslands hófst í september. Í náminu sem fer fram á Dalvík eru 20 þátttakendur.

Alls voru tekin 929 viðtöl í náms- og starfsráðgjöf á árinu og er um að ræða talsverða aukningu á milli ára.


SÍMEY á í góðu samstarfi við atvinnulífið í Eyjafirði. Unnið var að nokkrum Markviss þarfagreiningarverkefnum á svæðinu. Stofnanir og fyrirtæki nýttu sér aðstöðuna til námskeiðahalds og reikna má með að um 1.700

einstaklingar hafi nýtt sér þjónustu miðstöðvarinnar í námskeiðahaldi eða í fyrirtækjaskóla. Átak var í kynningarmálum og gefinn var út afar veglegur fyrirtækjabæklingur sem kynntur var atvinnulífinu í samstarfi við fræðslusjóði (Áttin).


Um 70 námskeið voru haldin fyrir fatlaða í samstarfi við Fjölmennt. Þessi námskeið eru afar fjölbreytt og af ýmsum toga.

Haldin voru 18 íslenskunámskeið fyrir erlenda ríkisborgara með tæplega 100 þátttakendum, einnig hefur

Þróun nemendastundafjölda milli ára



Hlutfall kynja eftir námskeiðsflokkum



SÍMEY verið í samstarfi við Akureyrarbæ um aðstoð við flóttamenn með það hlutverk að kenna íslensku og samfélagsfræði.

Meðal nýjunga sem nefna má er samstarf Farskóla Norðurlands vestra og Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða um dreifnám í Brúarnámi í gegnum *Skype for business*. Einnig var unnið að innleiðingu á raunfærnimati innan Sæplasts á Dalvík í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Sem fyrr segir var starfsemin með nokkuð hefðbundnu sniði. Styrkir vegna samstarfs námsleiða FA er stærsti tekjuliður miðstöðvarinnar en minna fjármagn hefur fengist í þessar námsleiðir sl. misseri og hefur það áhrif á rekstur og námsframboð. Meira fjármagn hefur fengist í raunfærnimat og ráðgjöf og er það vel og hefur skjótvirk áhrif á menntunarsstöðu og uppbyggingu námsmöguleika fyrir markhópinn. Einnig standa

vonir til aukins samstarfs við atvinnulífið á komandi misserum, m.a. með fyrirtækjaskólum, námskeiðahaldi, þróunarverkefnum og hæfnigreiningum. Markmiðið er að hækka menntunarstig, auka hæfni og efla samfélag og atvinnulíf.

Lokaorð

SÍMEY og aðrar símenntunarmiðstöðvar gegna lykilhlutverki þegar kemur að eflingu þess markhóps sem ekki hefur lokið námi í framhaldsskóla. Sá hópur er talsvert stór á Íslandi, um 20-30% einstaklinga á full-orðinsaldri. Með öflugum samstarfi við atvinnulífið og nýtingu þeirra leiða sem finna má innan framhaldsfræðslunnar má efla til muna samfélag og atvinnulíf, með hagsmuni allra að leiðarljósi.

Kynjaskipting þátttakenda

